

Reglur um niðurgreiðslu daggæslu í heimahúsum

1. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir niður daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum og að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Foreldrar viðkomandi barns verða að hafa lögheimili í sveitarfélaginu.
2. Dagforeldri ber að hafa leyfi til daggæslu frá félagsmálanefnd Hornafjarðar.
3. Að foreldri sé ekki í fæðingarorlofi og fái ekki vistun fyrir barnið á leikskóla.
4. Kvittun frá viðkomandi dagmóður þarf að liggja fyrir undangenginn mánuð.

2. gr.

Almenn niðurgreiðsla til foreldra er kr. 36.800,- á mánuði miðað við átta stunda vistun á dag.

3. gr.

Við upphaf gæslunnar skal sótt um niðurgreiðslu í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

4. gr.

Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó að umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki sótt um.

5. gr.

Greiðslur eru inntar af hendi 1.-5. virka dag mánaðar og berast greiðslur til foreldra eftir að þjónustumánuði lýkur. Réttur til greiðslna helst út þann mánuð sem barn verður eins árs.

Daggæsla er niðurgreidd 11 mánuði á ári en ekki er greitt niður með börnum af leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

6. gr.

Við 9 mánaða aldur barns ber foreldrum að skila inn umsókn um leikskólavistun og skila staðfestingu þess efnis til félagssviðs. Liggi umsókn ekki fyrir falla greiðslur niður við 12 mánaða aldur barns.

7. gr.

Þjóðist foreldri/foreldrum barns sem hefur náð 12 mánaða aldri heils dags vistun á leikskóla fyrir barnið ber þeim að taka plássíð, að öðrum kosti falla niðurgreiðslur niður. Foreldrar með börn í hálfu plássi hjá dagforeldri geta afþakkað heils dags vistun á leikskóla ef leikskólinn býður upp á sambærilegan vistunartíma.

8. gr.

Systkinauppbót er greidd ef foreldrar eiga einnig barn eða börn á leikskóla, einungis er greidd uppbót með einu barni á leikskóla. Upphæð uppbótarinnar nemur þremur mánaðarklukkustundum. Systkinauppbót er einnig greidd vegna tvíbura hjá dagforeldri.

9. gr.

Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára, þó eigi lengur en fram að þeim tíma er barn hefur grunnskólagöngu.

1. Fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka umönnun og taka því meira en eitt pláss í daggæslu er niðurgreitt samkvæmt reglum þessum, ásamt því að greitt er fyrir það pláss sem ekki nýtist. Ákvörðun um tímalengd sem greidd er vegna sérstakrar umönnunar er í höndum starfsmanna félagssviðs.
- 2.
3. Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma annarra barna í daggæslunni.

Heimilt er að greiða niður daggæslu barna í 1. -3. bekk grunnskóla, í heimahúsi ef um er að ræða börn einstæðra foreldra eða fjölskyldur í félagslegum erfiðleikum. Foreldrum ber þó fyrst að kanna möguleikann á lengdri viðveru grunnskólanna.

10. gr.

Félagsmálanefnd auglýsir að lágmarki árlega rétt foreldra til niðurgreiðslna daggæslu hjá dagforeldri.

11. gr.

Félagsmálanefnd getur samþykkt frávík frá þessum reglum þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og fyrir liggur faglegt mat félagssviðs.

12. gr.

Ákvörðunum starfsmanna félagssviðs er hægt að skjóta til félagsmálanefndar.

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar, 10. mars 2015

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 9. apríl 2015.

Björn Ingi Jónsson
Bæjarstóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar